

Skipulagsdeild Kópavogsbæjar

<https://skipulagsgatt.is/issues/2025/1246>

Kópavogur, 16. október 2025

Tilvísun: K-21302

Efni: Digranesvegur 15 Kópavogsskóli lýsing deiliskipulags

Skipulagssvæðið er um 2,2 ha að flatarmáli og afmarkast af skipulagsmörkum deiliskipulags aðliggjandi svæða. Með deiliskipulaginu er verið að mæta aukinni þörf fyrir grunnskólapláss í skólahverfi Kópavogsskóla. Í takt við skipulagsáætlanir um fjölgun íbúða í skólahverfi Kópavogsskóla er áætlað að skólinn þurfi að geta rúmað um 600 nemendur árið 2032. Áætlað er að núverandi skólabygging haldi sér að mestu og að skólinn verði stækkaður með viðbyggingum og fyrirhugaðri stækkun skólans geti nemendum fjölgað um 190. Fyrirhugað skipulagssvæði er á samgöngumiðuðu þróunarsvæði, svæði 1 og áhrifasvæði Borgarlínu, þar sem bíla- og hjólastæðaviðmið gilda.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér lýsingu deiliskipulags og gerir ekki athugasemdir við hana samanber metnaðarfull markmið sem sett eru fram í lýsingunni.

Með þessu deiliskipulagi verður komið fram deiliskipulag fyrir fimm nánast samfellda reiti efst á Digranesi frá Fannborg að Meltröð, þ.e. Fannborgarreitur, Traðarreitur vestari, Kópavogsskóli, Traðarreitur eystri og Digranesvegur 51. Í ljósi þess að fyrirhugað skipulagssvæði er á samgöngumiðuðu þróunarsvæði, svæði 1 og áhrifasvæði Borgarlínu má benda á að það getur verið skynsamlegt, áður en þétt uppbygging hefst á vestustu þremur reitunum, að skoða samnýtingu innviða á þessum fimm reitum. Hægt er að bæta þjónustu, spara pláss og bæta nýtingu, m.a. með samnýtingu bílastæða milli íbúða-, skóla- og atvinnuhúsnæðis. Til þess þarf væntanlega að endurskoða deiliskipulag á einhverjum reitum.

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðiseftirlitsins

*Arni Davíðsson*

Arni Davíðsson

deildarstjóri hollustueftirlits